

Hæstaréttardómar

Útgefandi: Hæstaréttarritari.

XIII. árgangur.

1932.

Föstudaginn 8. jan. 1932.

Nr. 85/1931. **Hreppsnefnd Grímseyjarhrepps**

(Theódór B. Lindal)

gegn

Skiptaráðandanum í Þingeyjarsýslu,

f.h. protabús Bjarna Benediktssonar

(Enginn).

Úrskurður, er synjaði um lögtak fyrir útsvari, staðfestur, með því æmræddur atvinnurekstur gat eigi talizt heimilisföst atvinnustofnun.

Úrskurður fógetaréttar Þingeyjarsýslu 30. okt. 1930:
Hið umbeðna lögtak skal ekki fram fara.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 8. ág. f. á., að fengnu uppreistarleyfi, dags. 5. s. m., en með því að bú rekvisiti Bjarna Benediktssonar hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, er stefnan var útgefin, hefir skiptaráðandanum í Þingeyjarsýslu verið stefnt fyrir hönd protabúsins. Hinn stefndi skiptaráðandi hefir ekki mætt eða látið mæta í málinu og hefir það því verið rekið skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir lagt fram novaleyfi, útgefið 30. nóv. f. á.

Úrslit máls þessa velta á því, hvort atvinnurekstur Bjarna Benediktssonar í Grimsey árið 1928 hafi verið útsvarsskyldur þar samkv. 8. gr. a. lið í lögum um útsvör nr. 46, 15. júní 1926. Þessu viðvikjandi er með skjölum málsins upplýst það, er hér segir.

Bjarni Benediktsson kaupmaður á Húsavík átti í Grimsey nefnt ár 2 hús, var annað þeirra salt- og fiskhús, en hitt húsið hafði Bjarni notað undanfarin ár til verzlunarreksturs. Á árinu 1928 hafði Bjarni ekki sölubúð opna að staðaldri, en virðist þó hafa selt þar í eynni litilsháttar af sjófötum og vinnufötum handa sjómönnum. Salt- og fiskhúsið var notað til móttöku á fiski. Hafði Bjarni samið við mann búsettan í Grimsey um að taka á móti fiski viðskiptamanna sinna í eynni og hafði maður þessi að launum fyrir starf sitt 8 kr. fyrir hvert skpd. af fiski, er hann veitti móttöku, en þar í var falin borgun fyrir að fletja fiskinn og salta hann, og er það upplýst í málinu, að maður þessi hefir árið 1928 veitt móttöku 153½ skpd. af fiski og auk þess er svo að sjá, að maður sá, er Bjarni sendi til Grimseyjar vorið 1928 og var þar á hans vegum um mánaðartíma, hafi tekið á móti nokkru af fiski jafnframt því er hann seldi þar áðurnefndar vörur.

Þessi atvinnurekstur hefir verið svo litill og takmarkaður, að hann virðist eigi geta talizt heimilisföst atvinnustofnun í þeirri merkingu, sem við er átt í nefndri grein útsvarslaganna.

Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða fógeta-réttarúrskurð. Þar sem ekki hefir verið mætt í málinu fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði skal óraskað. Málskostnaður fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Útsvar það — kr. 297,00, sem hér er krafizt lögtaks á, er lagt á gjaldanda, kaupm. Bjarna Benediktsson á Húsavík, samkv. 8. gr. a. lið laga nr. 46, 15. júní 1926 um útsvör, með tilliti til þess, að hann reki verzlunarútibú í Grimsey eða hafi þar heimilisfasta atvinnustofnun, en að svo sé hefir requisítus þessa máls eindregið mótmælt og upplýst, að hann láti í Grimsey einungis taka á móti fiski fyrir sig, sem lagður er þar inn til hans af þeim eyjar-skeggjum, sem skipta við verzlun hans á Húsavík, en að öðru leyti reki hann þar enga verzlun, hafi þar enga sölubúð, enga vörusölu, engan fastráðinn verzlunarmann og enga bókfærslu aðra en þá, að fiskinnlegg hvers manns sé skráð í frumbækur af manni þeim, sem annast fiskmót-tökurnar — þar með talin flatning og söltun — fyrir kr. 8,00 pr. skpd. Að visu er í 8. gr. a. útsvarslaganna ekki nánar tiltekið hvað átt sé við með „heimilisfastri atvinnustofnun“, en þar sem nefnt er til skýringar „útbú“, verður að álíta þegar um verzlunarstarfsemi er að ræða, að átt sé við verzlunarútibú, sem auglýsa ber í firma-skránni eða hliðstæðan verzlunarrekstur, en þar undir virðist einungis falla verzlun — bæði kaup og sala, — sem rekin er til lengri tíma, a. m. k. árlangt með starfsmanni (eða mönnum) sem tekur árskauð og hefir nefndan verzlunarrekstur sem aðalstarf sitt, og sem rekin er í þar til gerðu verzlunarhúsi (húsum), og á að svo sé virðist og benda 9. gr. 1 e. útsvarslaganna, er tekur fram, að undir þennan lið greinarinnar falli verzlun og önnur lík starfsemi, sem rekin er aðeins stuttan tíma eða ekki árlangt. Þar sem nú ekki verður hægt að fallast á það með gerðarbeiðanda, að verzlun eða fiskmóttaka requisítí í Grimsey falli undir þá verzlunarstarfsemi, sem telja verður samkv. 8. gr. útsvarslaganna heimilisfasta atvinnustofnun, þar sem hann hvorki hefir í eynni opna sölubúð né fastráðinn

verzlunarmann eða yfirleitt það sem nefnt verður vörusala þar eða bókfærslu samkv. lögum um verzlunarbækur, verður að líta svo á, að hreppsnefnd Grimseyjarhrepps hafi brotið heimild til þess, að jafna árið 1929 niður útsvari á requisitus, kaupm. Bjarna Benediktsson í Grimsey, kr. 297,00, samkv. 8. gr. a. framangreindra laga um útsvör og því verði, þar sem útsvarið ekki er réttilega álagt, að synja um hið umbeðna lögtak.

Föstudaginn 8. jan. 1932.

Nr. 53/1931. **Ríkey Lilja Guðmundsdóttir**

(Guðm. Ólafsson).

gegn

Gunnarí Kristinssyni (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur einkalögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 1. apríl 1931: Vinni stúlkann Ríkey Lilja Guðmundsdóttir, fyrr til heimilis á Fálkagötu 20 í Reykjavík, eið að því á varnarþingi sínu eftir löglegan undirbúning, að tilgreindur barnsfaðir, kærður þessa máls, Gunnar Kristinsson, verkamaður á Korpúlfsstöðum í Mosfellshreppi, sé eða geti verið faðir að barni því, er kærandi ól 3. septbr. 1930, og enginn annar, ber að telja hann föður að því, og hann skyldan til þess að greiða meðlag með barni þessu samkvæmt yfirvaldsúrskurði, svo og barnsfararkostnað, og greiði þá kærður allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, eins og það eigi væri gjafsóknarmál. — Eiðsfrestur telst mánuður frá lögbirtingu dóms þessa, svo er og um fullnæging dómsins að öðru leyti.

Treystist kærandi eigi til að vinna eið þennan, skal kærður vera sýkn af kærum hennar og kröfum í máli þessu.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað með stefnu, dags. 27. maí þ. á., og var þingfest í hæstarétti 30. sept.